FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Kynjamannfræði
Námsgrein:	Kynjafræði
Viðfangsefni:	kynjafræði, mannfræði, átakafræði
Skammstöfun:	KYFR3KM05
Þrep:	3
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er unnið í anda mannfræðinnar með áherslu á femíníska mannfræði. Helstu hugtök fræðigreinarinnar mannfræði eru skoðuð í nútímasamfélagi og í sögulegu ljósi. Lögð er áhersla á menningu og áhrif hennar á stöðu kynjanna. Einnig er þróun femínískrar mannfræði skoðuð.
Forkröfur:	KYFR2IN05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • hugtökum og kenningum í mannfræði • menningarmannfræði og aðferðum hennar við rannsóknir • stöðu kvenna og karla í tengslum við menningu • mismunandi birtingarmyndum kynjanna út frá áhrifum menningar • rannsóknum mannfræðinga á stöðu kynjanna á Íslandi
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • horfa á heiminn og stöðu kynjanna út frá aðferðafræði mannfræðinnar • beita gagnrýninni hugsun, virkri hlustun og eigin tjáningu í rökræðum • lesa fræðitexta í mannfræði • tjá sig í ræðu og riti á skipulagðan og gagnrýninn hátt
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • átta sig á áhrifum menningar á kyn og kyngerfi • vera gagnrýninn og ábyrgur þátttakandi í fjölmenningarsamfélagi • gera sér grein fyrir hvernig hann hefur áhrif á samfélagið
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.